

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð um mengunarmörk og**  
**aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum, nr. 390/2009.**

I. KAFLI

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á mengunarmarkaskrá viðauka I við reglugerðina:

EB-nr. <sup>(1)</sup>	CAS-nr. <sup>(2)</sup>	EFNI	MENGUNARMÖRK				Tákn <sup>(3)</sup>
			Fyrir 8 tíma <sup>(4)</sup>		Þakgildi <sup>(5)</sup>		
			ppm <sup>(7)</sup>	mg/m <sup>3</sup> <sup>(6)</sup>	ppm <sup>(7)</sup>	mg/m <sup>3</sup> <sup>(6)</sup>	
–	–	Mangan og ólífræn mangansambönd (sem mangan)	–	0,2 <sup>(8)</sup> 0,05 <sup>(9)</sup>	–	–	–
200-240-8	55-63-0	Glýseróltrínítrat	0,01	0,095	0,02	0,19	húð
200-262-8	56-23-5	Koltetraklóríð, tetraklórmetan	1	6,3	–	–	húð
200-521-5	61-82-5	Amítról	–	0,2	–	–	–
200-580-7	64-19-7	Edíksýra	10	25	20	50	–
200-821-6	74-90-8	Blásýra (sem sýanið)	0,9	1	4,5	5	húð
200-838-9	75-09-2	Metýlenklóríð, díklórmetan	35	122	–	–	húð
200-864-0	75-35-4	Vínýlidenklóríð, 1,1-díklórétýlen	2	8	5	20	–
201-083-8	78-10-4	Tetrametýlortósílikat	5	44	–	–	–
201-177-9	79-10-7	Akrýlsýra, próp-2-ensýra	2	5,9	–	–	–
201-188-9	79-24-3	Nítróetan	20	62	100	312	húð
201-245-8	80-05-7	Bisfenól A, 4,4'-ísóprópylídendífenól	–	2 <sup>(8)</sup>	–	–	–
202-981-2	101-84-8	Dífenýleter	1	7	2	14	–
203-234-3	104-76-7	2-etýlhexan-1-ól	1	5,4	–	–	–
203-400-5	106-46-7	1,4-díklórbensen, <i>p</i> -díklórbensen	2	12	10	60	húð
203-453-4	107-02-8	Akrólín, akrýlaldehyð, próp-2-enal	0,02	0,05	0,05	0,12	–
203-481-7	107-31-3	Metýlformat	50	125	100	250	húð
203-788-6	110-65-6	Bút-2-ýn-1,4-díól	–	0,5	–	–	–
204-825-9	127-18-4	Tetraklórétýlen	10	70	–	–	húð
205-500-4	141-78-6	Etýlasetat	150	540	–	–	–
205-599-4	143-33-9	Natríumsýanið (sem sýanið)	–	1	–	5	húð
205-792-3	151-50-8	Kalíumsýanið (sem sýanið)	–	1	–	5	húð
207-069-8	431-03-8	Díasetýl, bútandíón	0,02	0,07	0,1	0,36	–
211-128-3	630-08-0	Kolsýringur	20	23	100	117	–
215-137-3	1305-62-0	Kalsíumdíhýdroxíð	–	1 <sup>(9)</sup>	–	4 <sup>(9)</sup>	–
215-138-9	1305-78-8	Kalsíumoxíð	–	1 <sup>(9)</sup>	–	4 <sup>(9)</sup>	–

EB-nr. <sup>(1)</sup>	CAS-nr. <sup>(2)</sup>	EFNI	MENGUNARMÖRK				Tákn <sup>(3)</sup>
			Fyrir 8 tíma <sup>(4)</sup>		Þakgildi <sup>(5)</sup>		
			ppm <sup>(7)</sup>	mg/m <sup>3</sup> <sup>(6)</sup>	ppm <sup>(7)</sup>	mg/m <sup>3</sup> <sup>(6)</sup>	
231-195-2	7446-09-5	Brennisteinstvíoxíð	0,5	1,3	1	2,7	–
231-484-3	7580-67-8	Lítíumhýdríð	–	–	–	0,02 <sup>(8)</sup>	–
233-271-0	10102-43-9	Köfnunarefniseinoxíð	2	2,5	–	–	–
233-272-6	10102-44-0	Köfnunarefnistvíoxíð	0,5	0,96	1	1,91	–
262-967-7	61788-32-7	Terfenýl, vetnað	0,4	4,4	–	–	–
	7429-90-5	Ál, duft og ryk, sjá einnig kerskálaryk	–	5	–	10	

<sup>(1)</sup> EB-nr.: Númer Evrópubandalagsins (EB-númer), tölulegt auðkenni fyrir efni innan Evrópusambandsins.

<sup>(2)</sup> CAS-nr.: Skráningarnúmer hjá Upplýsingaþjónustu um efni.

<sup>(3)</sup> Táknunin *húð* við mengunarmörk vegna skaðlegra áhrifa í starfi gefur til kynna möguleika á umtalsverðri upptöku efnisins í gegnum húð.

<sup>(4)</sup> Mæld eða reiknuð miðað við viðmiðunartímabil sem er átta stunda tímavegið meðaltal (TWA).

<sup>(5)</sup> Mengunarmörk vegna skammtíma skaðlegra áhrifa (STEL). Óheimilt er að fara yfir þessi mengunarmörk sem miðast við 15 mínútna skaðlegra áhrifa nema annað sé tekið fram.

<sup>(6)</sup> mg/m<sup>3</sup>: milligrömm á rúmmetra lofti. Fyrir efni í gas- eða gufufasa eru mengunarmörkin gefin upp við 20°C og 101,3 kPa.

<sup>(7)</sup> ppm: hlutar af milljón miðað við rúmmál í lofti (ml/m<sup>3</sup>).

<sup>(8)</sup> Hlutfall þess sem andað er inn.

<sup>(9)</sup> Hlutfall þess sem andað er út.

<sup>(10)</sup> Mengunarmörk vegna skammtíma skaðlegra áhrifa miðað við viðmiðunartímabil sem er ein mínúta.

## 2. gr.

### Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 38. og 51. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, að fenginni umsögn stjórnar Vinnu- eftirlits ríkisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytis, til innleiðingar á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2017/164 frá 31. janúar 2017 um gerð fjórðu skrár yfir leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi samkvæmt tilskipun ráðsins 98/24/EB og um breytingu á tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/322/EBE, 2000/39/EB og 2009/161/ESB, sem vísað er til í 16j lið XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 159/2018, öðlast þegar gildi.

*Velferðarráðuneytinu, 27. nóvember 2018.*

**Ásmundur Einar Daðason**  
félags- og jafnréttismálaráðherra.

*Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.*